

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 86/2023

2023/EES/81/11

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2325 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (BIT) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 10 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2326 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki epsílonmetóflútrín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2327 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki klóramín B sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzz (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1485) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „12zzzzzzzzp. **32022 D 2325:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2325 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón (BIT) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 10 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 267).
- 12zzzzzzzzq. **32022 D 2326:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2326 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki epsílonmetóflútrín sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 19 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 269).
- 12zzzzzzzzr. **32022 D 2327:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2327 frá 24. nóvember 2022 um að samþykkja ekki klóramín B sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 271).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvæðana (ESB) 2022/2325, (ESB) 2022/2326 og (ESB) 2022/2327, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 267.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 269.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 271.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.